

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/887/EB frá 11. desember 2003 um framkvæmd og notkun evrópskra þolhönnunarstaðla fyrir byggingarmannvirki og byggingarvörur í burðarvirki ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 3. lið (C/62/94/bls. 1: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar) í XXI. kafla II. viðauka:

„4. **32003 H 0887**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/887/EB frá 11. desember 2003 um framkvæmd og notkun evrópskra þolhönnunarstaðla fyrir byggingarmannvirki og byggingarvörur í burðarvirki (Stjtíð. EB L 332, 19.12.2003, bls. 62).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2003/887/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtíð. EBL 332, 19.12.2003, bls. 62.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.